



Alþingi

Erindi nr. Þ 116/77

komudagur 5/10 1992

5. október 1992

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
**b.t. ritara, Rögnu Árnadóttur**  
**Alþingi**  
**150 Reykjavík**

**Umsögn um frv.**  
**um verðbréfavíðskipti**

Með bréfi yðar hinn 18. september sl. er óskað umsagnar Seðlabankans um framangreint frumvarp.

Þess ber að geta að Seðlabankinn átti fulltrúa í starfshópi þeim sem vann að undirbúningi frumvarpsins.

Seðlabankinn er hlynntur því að frumvarpið verði að lögum með þeirri breytingu sem lögð er til í fylgiskjali I með frumvarpinu. Þar er lagt til að 3. mgr. 17. gr. falli niður, þ.e.a.s. að niður falli sú skylda sem frumvarpið felur í sér, að verðbréf í almennu útboði skuli skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Um rökin fyrir þessu skal vísað í fylgiskjal I, en þess má geta að skráningarskyldan sem frv. gerir ráð fyrir er afar óvenjuleg sé borið saman við önnur lönd. Reyndar hefur frést af því að í Noregi séu skuldabréfaflokkar, stærri en 35 milljónir norskra króna, skráningarskyldir á Osló Børs ef þeir hafa verið boðnir til sölu í almennu útboði. Í Noregi gildir ekki slík skylda gagnvart hlutabréfum, og á öðrum Norðurlöndum er engin skráningarskylda til staðar.

**Virðingarfyllst**  
**Seðlabanki Íslands**